

Föstudaginn 21. maí 1965.

Nr. 67/1964. **Ársæll Sveinsson, Karl S. Guðmundsson, Jónas Jónsson, Jón Ísak Sigurðsson og Sig-hvatur Bjarnason** (Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Helga Benediktssyni (Sigurður Ólason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Magnús Þ. Torfason.

Meiðyrðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóminn kvað upp Freymóður Þorsteinsson, bæjar-fógeti í Vestmannaeyjum.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. marz 1964 og krafizt þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um, að dæmd verði dauð og ómerk ummæli stefnda í héraðsstefnu, „andstyggileg hræsni“, „sjúkleg illfýsi“ og „saman hnoðuð ósannindi“. Að öðru leyti krefjast þeir þess, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnda í héraði. Þá krefjast áfrýjendur, að stefnda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og að áfrýjendur verði in solidum dæmdir til að greiða honum máls-kostnað fyrir Hæstarétti.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um refsingu, ómerkingu um-mæla og greiðslu málskostnaðar í héraði, þó svo, að frest-ur til greiðslu sektar hvers áfrýjanda verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjendum in solidum að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu, ómerkingu um-mæla og málskostnað í héraði eiga að vera óröskuð

að öðru leyti en því, að frestur til greiðslu sektar hvers áfrýjanda verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Áfrýjendur, Ársæll Sveinsson, Karl S. Guðmundsson, Jónas Jónsson, Jón Ísak Sigurðsson og Sighvatur Bjarnason, greiði in solidum stefnda, Helga Benediktssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 5.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 30. desember 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 5. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Helga Benediktssyni útgerðarmanni, Vestmannaeyjum, með stefnu, útgefinni 3. apríl 1962, birtri 7. s. m., á hendur stjórn Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja, þeim Ársæli Sveinssyni, Karli S. Guðmundssyni, Jónasi Jónssyni, Jóni Í. Sigurðssyni og Sighvati Bjarnasyni, öllum búsettum í Vestmannaeyjum, vegna meiðandi ummæla, sem birtust í stefnu, útgefinni 7. desember 1961, í bæjarþingsmálinu: Stjórn Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja gegn Helga Benediktssyni, en ummælin eru á þessa leið:

„Þegar grein þessi var rituð, voru ástæður greinarhófundar þær, að hann sat í fangahúsinu að Litla Hrauni á Eyrarbakka við afplánun á refsíðomi. Síðar fréttum við, að refsifanginn hefði orðið sjúkur, á meðan á afplánunartíma stóð, og verið lagður inn á sjúkrahús. Undir þessum kringumstæðum þótti lögmanni okkar vandkvæðum bundið og viðurhlutamikið að stuðla að því, að refsivistin yrði framlengd, enda ekki séð, nema þessi reynslutími kynni að opna augu fangans og gera hann að nýjum og betri manni. Nú hefur það hins vegar sýnt sig, að hann var varla sloppinn úr fangavistinni, fyrr en hann tók til, þar sem fyrr var frá horfið, um meiðandi ummæli og rangar sakargiftir á hendur okkur, sem valizt höfum til forystu í Bataábyrgðarfélagi Vestmannaeyja.“

Í stefnu gerði stefnandi grein fyrir málinu og kröfum sínum á eftirfarandi hátt:

„Öll eru þessi ummæli stórlega meiðandi og auk þess sumpart beint brot á 237. gr. hinna almennu hegningarlaga. Það eru þó í rauninni ekki ummælin sjálf, fyrst og fremst, heldur miklu fremur hin andstyggilega hræsni og sjúklega illfýsi, sem

hér liggur að baki og lesa má milli línanna, samanhnoðuð ósannindum og beinum ærumeiðingum, eins og fyrr er greint. Er þess vegna krafizt ómerkingar hinna tilfærðu ummæla, allra í heild og hverra fyrir sig, og dæmdar verði refsingar og skaðabætur á hendur öllum hinum gagnstefndu af því tilefni sem og hæfilegur málskostnaður, enda verði skaðabætur og málskostnaður dæmdur in solidum á hendur gagnstefndu.“

Í lok málsins voru kröfur stefnanda svolátandi: að stefndu yrðu dæmdir til að þola ógildingu hinna umstefndu meiðyrða og dæmdir í refsingu fyrir þau, og einnig verði þeir dæmdir til að greiða stefnanda hæfilegan málskostnað.

Mætt var af hálfu hinna stefndu og þær kröfur gerðar, að hinir stefndu verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og þeim tildæmdur málskostnaður úr hans hendi. Svo var og af hálfu hinna stefndu bent á, að ástæða væri til að vísa frá ex officio öllum kröfum stefnanda, sem ekki snerta 237. gr. almennra hegningarlaga, þar eð stefna geti ekki um önnur ákvæði refsilöggjafar. Málið hafi ekki verið lagt fyrir sáttanefnd, en þess væri þörf, að álitu stefndu, um öll atriði meiðyrðamáls, sem ekki eru í stefnu heimfærð undir ákveðnar greinar hegningarlaga. Einnig beri að tilgreina í stefnu, við hvaða ákvæði refsilöggjafar brotið varði, ef refsingar er krafizt, ómerkingar ummæla, miskabóta eða annarra bóta. Þá er því neitað, að nokkur brigsl felist í hinum umstefndu ummælum, og fullyrt, að hvorki í efnisvali né orðalagi fælist neitt ámælisvert. Aðeins hafi verið skýrt frá ástæðunum til þess, að stefndu hófust ekki strax handa um höfðun meiðyrðamáls, er stefnandi birti grein sína, sem málið var risið af öðrum þræði.

Eins og áður er að vikið, voru hin umstefndu ummæli sett fram í stefnu í meiðyrðamáli gegn stefnanda. Málið var risið út af ummælum í grein, sem birtist í blaði stefnanda 17. janúar 1961, og einnig út af ummælum í aðiljaskýrslu stefnanda, dags. 24. júní 1961 og lögð var fram í máli Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja gegn honum og síðan send saksóknara ríkisins. Var einungis krafizt ómerkingar ummælanna í blaðagreininni, enda var refsikrafan fyrnd, en vegna ummælanna í aðiljaskýrslunni var bæði krafizt refsingar og ómerkingar. Ummælin, sem mál þetta er af risið, lúta aðallega að blaðagrein stefnanda, en einnig að aðiljaskýrslunni.

Enginn ágreiningur er um, að á tímabilinu, sem leið frá því

blaðagreinin var skrifuð og þar til aðiljaskýrsla stefnanda var dagsett, sat stefnandi um skeið í fangelsi til afplánunar refsisdóms. Kom þetta skýrt fram við flutning málsins, enda alkunnugt. Í sambandi við kröfur sínar um refsingu vitnar stefnandi líka einungis til 237. gr. almennra hegningarlaga.

Líta verður svo á, að stefndu hafi mátt og átt rétt til að gera grein fyrir þeim ástæðum, sem lágu til þess, að meiðyrðamál var þá fyrst höfðað, er refsikrafa var fyrnd út af ummælum stefnanda í blaðagreininni. Í því sambandi var þeim heimilt að minnast á dvöl stefnda í fangelsi. Fyrri hluti fyrri málsgreinar hinna umstefndu ummæla aftur að, „enda ekki séð“ o. s. frv., verður því að teljast vítalaus. Síðari málsgreinin er að mestu leyti rökstuðningur fyrir kröfum, sem gerðar eru í málinu, og að því leyti því einnig vítalaus. Hins vegar verður að telja, að lok fyrri málsgreinar, „enda ekki séð að nýjum og betri manni“, og orðin „sloppinn úr fangavistinni“ í síðari málsgrein séu mjög óviðurkvæmleg og ekki réttlætangelgt að viðhafa slík orð í stefnu eða málflutningi. Vörðuðu þau við 188. gr. einkamálalaganna, ef krafa hefði komið fram í þá átt, en svo var ekki. Stefnandi kaus heldur að heimfæra þau undir 237. gr. almennra hegningarlaga, og þykir verða að fallast á, að það geti staðizt. Verða hinir stefndu því dæmdir til refsingar samkvæmt þeirri grein, og þykir refsingin hæfilega ákveðin kr. 150.00 í sekt í ríkissjóð, sem hverjum hinna stefndu ber að greiða innan fjögurra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi hver um sig í 2 daga.

Stefnandi hefur látið undir höfuð leggjast að vísa til ákveðinnar lagagreinar, sem krafa hans um ómerkingu hinna umstefndu ummæla ættu stoð í. Rétturinn lítur svo á, að æskilegra og réttara hefði verið að vísa í stefnu til 241. gr. almennra hegningarlaga, eða með öðrum orðum að gengið væri frá stefnu í meiðyrðamálum á svipaðan hátt og ákærum í opinberum málum. Ekki virðist þó næg ástæða til að vísa ómerkingarkröfu stefnanda frá af þessari ástæðu, þar sem ljóst er, að krafa um ómerkingu getur ekki stuðzt við aðra lagagrein en 241. gr. almennra hegningarlaga. Samkvæmt þessu verða ofantilgreind ummæli dæmd dauð og ómerk.

Stefndu hafa krafizt þess, að ummæli í stefnu, sem áður eru tilgreind, „andstyggileg hræsni“, „sjúkleg illfýsi“, „samanhnoðuð ósannindi“, verði dæmd dauð og ómerk og stefnandi verði

látinn sæta áminningu fyrir þau. Ummæli þessi ganga lengra en tilefni er til og eru óviðurkvæmileg og ámælisverð. Verður krafa stefndu því tekin til greina.

Rétt þykir að ákveða, að stefndu greiði in solidum stefnanda kr. 1.000.00 í málskostnað.

Uppsaga dómsins hefur dregizt vegna lasleika dómarans.

Dómsorð:

Stefndu, Ársæll Sveinsson, Karl S. Guðmundsson, Jónas Jónsson, Jón Ísak Sigurðsson og Sighvatur Bjarnason, greiði hver um sig kr. 150.00 í sekt í ríkissjóð innan 4ra vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi hver um sig í 2 daga.

Ofangreind ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Stefndu greiði in solidum stefnanda, Helga Benedikts-syni, kr. 1.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbir-tingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 24. maí 1965.

Nr. 143/1964. **Sindri h/f** (Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn

Rafveitu Keflavíkur

(Ingi Ingimundarson hrl.).

Dómsmenn:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og Þórður Björnsson yfirsakadómari.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. september 1964. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar úr hendi hans bæði í héraði og hér fyrir dómi.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, að því